

Samþykki fyrir öflun og öflun upplýsinga úr fjárhagskerfum og fjárhagslegra upplýsinga

Umboð þetta veitir Sparisjóðnum fullt og ótakmarkað umboð til þess að óska eftir upplýsingum um eignastöðu og fjárhagsstöðu hjá fjármálafyrirtækjum og öðrum lánadrottnum, þ.m.t. um eigna- og skuldastöðu, tekjur og gjöld, þ.m.t. öll innlán og innstæður, útlán og aðrar fjárskuldbindingar við fjármálafyrirtæki og aðra lánadrottna, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, lífeyrissjóði, skattayfirvöld, opinberar stofnanir, Tollstjóra, Íbúðalánasjóð, önnur fjármálafyrirtæki eða aðra lánadrottna ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum, þ.á m. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila. Umboðið tekur einnig til öflunar upplýsinga um ógreidda reikninga úr innheimtukerfi Reiknistofu bankanna (Kröfupotti).

Umboðið nær einnig til þess að sækja upplýsingar um lánshæfismat (áhættumat) til Creditinfo Lánstrausts hf., kt. 710197-2109, eða annarra sambærilegra aðila, sem og að kalla eftir yfirliti í gegnum Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf., eða annað sambærilegt kerfi, er skilar yfirliti sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar við kröfuhafa sem eru tengdir kerfinu, þ.m.t. um það hvort vanskil séu til staðar. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo Lánstraust hf., eða annar sambærilegur aðili, safnar saman, og/eða miðlar, svo sem upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar svo sem um stöðu vanskila og lánshæfismats í fortíð. Nánari upplýsingar um meðferð, varðveislu og vinnslu persónuupplýsinga, lánshæfismat (áhættumat) og Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. má finna á www.creditinfo.is.

Einnig veitir umboðið Sparisjóðnum heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Umboðsveitandi samþykkir að framangreindar upplýsingar, þ.m.t. yfirlit Skuldastöðukerfisins og/eða lánshæfismatið, verði notað, þ.m.t. vistað, við ákvörðunartöku í tengslum við lánsviðskipti, vegna annars er tengist viðskiptasambandi aðila, vegna eftirlits í tengslum við slík viðskipti, varðandi boð um tiltekin kjör og í öðrum þeim tilvikum þegar Sparisjóðurinn hefur lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga, sbr. m.a. 9. gr. laga nr. 90/2018. Með samþykki þessu heimilur umboðsveitandi Sparisjóðnum að sækja og óska eftir nýjum upplýsingum í Skuldastöðukerfi, sækja og vakta vanskil, áhættumat og lánshæfismat hvenær sem er í tengslum við slík viðskipti, þ.m.t. eftir að lán hefur verið veitt, frá Creditinfo Lánstrausti hf. eða öðrum sambærilegum aðila, þegar Sparisjóðurinn telur slíkt nauðsynlegt til að gæta hagsmuna Sparisjóðsins, t.d. til að uppfylla kröfur um eftirlitskerfi með áhættu, eftirlit í tengslum við lánviðskipti, framkvæma mat á útlánasafni eða í tengslum við ákvarðanatöku í tengslum við viðskipti viðskiptavinar við Sparisjóðinn.

Umboð þetta er í gildi á meðan Sparisjóðurinn hefur lögvarða hagsmuni af notkun þeirra upplýsinga sem fram koma í yfirliti Skuldastöðukerfisins og/eða lánshæfismatinu. Viðskiptavinur getur afturkallað umboðið hvenær sem hann óskar og tekur afturköllunin gildi 30 dögum eftir að Sparisjóðurinn hefur sannanlega mótttekið slíka skriflega afturköllun. Þá fellur samþykki þetta úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Sparisjóðurinn heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í yfirlýsingu þessari. Þrátt fyrir

afturköllun umboðsins er Sparisjóðnum þó áfram heimilt að afla allra framangreindra gagna að því leyti sem nauðsynlegt er vegna þeirra skuldbindinga sem stofnað hefur verið til við Sparisjóðinn og eru í gildi þegar afturköllun er tilkynnt.

Umboðsveitandi veitir Sparisjóðnum heimild til að innheimta kostnað við öflun ofangreindra upplýsinga samkvæmt gjaldskrá Sparisjóðsins